



ÍSAFJARÐARBÆR

Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafjörður

sími: 450 8000, fax: 450 8008 info@isafjordur.is

isafjordur.is

# Minnisblað

Til: Félagsmálanefndar  
Frá: Sigurlínu Jónasdóttir, skóla- daggæslu- og sérkennslufulltrúa  
Dags: 10. ágúst 2015  
Málsnúmer: 2014110042

**Efni: Umsókn dagforeldris um að fá að bæta fimmta barninu við, fyrr en áætlað er.**

Ástrún Þórðardóttir, kt: 140593-3039, dagforeldri hefur óskað eftir því að fá að bæta við sig fimmta barninu í daggæsluna núna í haust.

Ástrún hefur leyfi til að starfa sem dagforeldri frá 1. desember 2014, með fjögur börn og samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005, þarf að líða ár áður en hægt er að bæta við fimmta barninu.

Ástrún er mjög vön að vinna með börnum, vann áður í leikskóla með yngstu börnin þar, aðstaðan hjá henni er góð og hún treystir sér vel til að bæta við fimmta barninu í haust.

Mikil eftirspurn er eftir daggæsluplássum og eins og staðan er í dag er aðeins 1 dagforeldri með leyfi hjá Ísafjarðarbæ og því mæli ég með að hún fái leyfi til að bæta við sig fimmta barninu.

Sigurlína Jónasdóttir